

## Re: 202111199 - Ósk um umsögn, Stuðlagil

Búið til	6.1.2022 17:12:14
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	6.1.2022 17:12:14
Tilheyrir	📁 202112-0022 - Stuðlagil á Jökuldal- umsögn

### Efni

Re: 202111199 - Ósk um umsögn, Stuðlagil

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	6.1.2022 17:12:14	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	soley.valdimarsdottir@mulathing.is

### Innihald

Góðan daginn og gleðilegt nýtt ár,

Tilvísun í mál nr. 202112-0022, 202112-0023 og 202112-0024.

Vísað er til tölvupósta frá skipulagsfulltrúa Múlapings, dags. 8. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um þrjú tengd mál. Í fyrsta lagi skipulagslýsingu vegna rammahluta Aðalskipulags Fljótshéraðs 2008-2028 fyrir ferðapjónustu- og áfangastaðinn Stuðlagil á Jökuldal. Í öðru lagi skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags fyrir Hákonarstaði við Stuðlagil á Jökuldal. Í þriðja lagi skipulagslýsingu vegna breytinga á gildandi deiliskipulagi fyrir Grund við Stuðlagil á Jökuldal.

Rammaskipulagið nær yfir bæði Hákonarstaði og Grund sem og mun stærra svæði. Í öllum tilfellum er um skipulagslýsingu að ræða og því munu skipulagtilögur verða auglýstar og leitað umsagnar um þær á síðari stigum. Sökum þessa og þar sem tímasetningar eru þær sömu gerir Náttúrufræðistofnun eina sameiginlega umsögn um málin þrjú. Það útilokar ekki aðskildar umsagnir um málin á síðari stigum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með málunum þremur. Með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, kemur fram í öllum þremur skipulagslýsingum flest það sem fjalla þarf um.

Í skipulagslýsingu um rammahluta Aðalskipulags Fljótshéraðs 2008-2028 kemur fram að Stuðlafoss og Stuðlagil séu tilnefnd á náttúruminjaskrá vegna náttúruminja. Nákvæmara er að Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt svæðin á tillögu að framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár vegna jarðminja. Hér er hlekkur á staðreyndasíðu Náttúrufræðistofnunar um tillöguna (Stuðlafoss og Stuðlagil | Náttúrufræðistofnun

Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/node/28564>). Þar kemur m.a. fram að aukinn ferðamannastraumur geti ógnað verndargildi þess og þörf sé á innviðauppbýggingu og stýringu ferðamanna til að koma í veg fyrir það.

Það er því jákvætt að meginmarkmið rammaskipulagsins sé að setja fram stefnur um framtíðaruppbýggingu við ferðapjónustu á svæðinu, draga úr álagi á viðkvæmum svæðum og tryggja öryggi á svæðinu. Þá á að fjalla um landnotkun, ásjón mannvirkja og vinna þolmarkagreiningu. Það síðastnefnda er mjög mikilvægt að mati Náttúrufræðistofnunar því ljóst er að jarðminjarnar geta orðið fyrir hnjaski eða skemmst vegna álags og mikilvægt sé að vita nákvæmlega hversu mikil og hvernig ferðapjónusta hæfi svæðinu. Huga þarf einnig að ásynðaráhrifum og meta þanþol svæðisins fyrir miklum breytingum á ásynð vegna uppbýggingu innviða. Það á sérstaklega við svæðið næst Stuðlagili og Stuðlafossi en einnig annars staðar innan framkvæmdasvæðisins.

Fram kemur að skipulagssvæðið sé nálægt mikilvægu fugla- og votlendissvæði á Jökuldalsheiði þar sem m.a. er varpland álfta og heiðagæsa. Við það má bæta að innan áætlaðs rammaskipulagssvæðis er einnig fuglalíf sem taka þarf tillit til m.a. upp með Eyvindará þar sem vitað er um varp fálka. Æskilegt væri að gera úttekt á fuglalífi svæðisins sem gagnast t.d. við ákvarðanatöku um legu göngustíga á svæðinu.

Ekki eru gerðar athugasemdir við skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag Hákonarstaða en bent er á að innan deiliskipulagsreits eru jarðminjar sem þarf að leggja mat á með tilliti til verndargildis.

Ljóst er að stefnt er að töluverðri uppbýggingu við Grund. Mjög mikilvægt er að útfærslur á byggingum og ferðapjónustuinnviðum verði unnar samkvæmt niðurstöðu þolmarkagreiningar þannig að hvorki verði uppbýggingin til þess að fjöldi ferðafólks verði óásættanlegur eða ásynðaráhrif frá mannvirkjum rýri verndargildi Stuðlagils.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum þegar skipulagstillögur liggja fyrir.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Sóley Valdimarsdóttir" <[soley.valdimarsdottir@mulathing.is](mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is)>

**To:** "Sóley Valdimarsdóttir" <[soley.valdimarsdottir@mulathing.is](mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is)>

**CC:**

**Subject:** 202111199 - Ósk um umsögn, Stuðlagil

**Date:** 8.12.2021 11:01:34

Góðan daginn,

Í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með óskað eftir umsögn við skipulagslýsingu vegna rammahluta Aðalskipulags Fljótsdalshéraðs 2008-2028 fyrir ferðaþjónustu- og áfangastaðinn Stuðlagil á Jökuldal.

Skipulagslýsing, unnin af Teiknistofu Norðurlands, dags. 26. nóvember 2021 er í viðhengi.

Umsagnir óskast sendar á netfangið skipulagsfulltrui@mulathing.is (mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is) fyrir **6. janúar nk.**

Bestu kveðjur,



Sóley Valdimarsdóttir

Ritari á umhverfis- og framkvæmdasviði

Sveitarfélagið Múlaþing

(354) 4 700 748

soley.valdimarsdottir@mulathing.is  
(mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is)

www.mulathing.is  
(http://www.mulathing.is/)

## Viðhengi

image001.gif (3 KB)

image002.png (5 KB)